

um frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þó að meiri hluti fjárhagsnefndar vilji ekki leggja það til, að frv. verði samþykkt að þessu sinni, þá er það ekki af því, að hann telji málið ekki mikilsvert. Öll nefndin er sammála um það, og líklega hvert mannsbarn í landinu, að æskilegt væri, að hvert heimili ætti kost á því að fá raforku til ljósa, suðu og hitunar. En eins og framkvæmdir eru hugsaðar í frumvarpinu, þá eru þær stórkostlegt fjárhagsatriði fyrir rikissjóð, sem er skyldugur til að fara að óskum sýslunefnda, hreppsnefnda eða frumkvöðla að fjelagsstofnun og láta framkvæma og kosta að mestu undirbúningsrannsókn (2. gr. frv.); síðar á rikissjóður að leggja fram sem styrk allríflegan hluta (alt að helmingi) kostnaðar veitutanga um orkuveitusvæðið. Þá verða þetta vafalaust fjárbyrðar fyrir hjeruðin og loks mikil útgjöld í upphafi fyrir hvert heimili, sem vill verða þessara gæða aðnjótandi, og svo hátt árgjald, sem þarf til að greiða rekstrar-kostnað við orkuverið og til greiðslu vaxta og afborgana. Þarf í upphafi að ihuga þetta alt vandlega. Því ef ráðist væri í framkvæmdir að litl rannsókuðu máli, gæti vel farið svo, að þær verkuðu ófugt við það, sem ætlað var.

Sjálfsgt myndu framkvæmdir eftir frumvarpinu eitthvað auka framleiðsluna, ef vel tækist til, en aðaltilgangurinn er þó sá, að gera sveitaheimilin vistlegri, svo fólkið flytji síður burt til kaupstaðanna, sem yfirleitt geta boðið þeim, er borgað geta, betri, hjartari og hlýrri húsakynni en nú eru viðast í sveitum.

En yrðu nú mistök á í upphafi og kostnaður við framkvæmd svo mikill, að þetta yrði of þung byrði á hjeruðum og heimilum, þá myndi fólkið samt flýja sveitina og reyna með því að losna af skuldaklafanum. Eru þess dæmi, að heilar sveitir hafa kiknað undir kostnaði við framkvæmdir, sem taldar voru nauðsynlegar og miða áttu til heilla, af því að málið var ekki í upphafi nógu vel rannsakað og undirbúið (Skeiðaáveitan).

Þessi vandkvæði vill meiri hlutinn forðast, og því telur hann meiri undirbúning nauðsynlegan.

Fjárhagsnefnd átti tal um málið við rafmagnsstjórnann í Reykjavík, hr. Steingrím Jónsson, en hann er vafalaust allra manna fróðastur um þessi efni á landi hjer. Auk þess sendi hann álit sitt í brjefi til nefndarinnar, og er það prentað sem fylgiskjal með nefndarálliti minni hlutans. Má á því brjefi sjá, að talsverð vandkvæði eru á framkvæmdum, nema itarleg rannsókn gangi á undan; enda segir rafmagnsstjórninn í lok brjefs síns:

»Ef ríkið hefir forgönguna og rekur öll orkuverin, leysast öll vafaatriði í þessu máli í einu, en annars þarf skipulag um virkjun fallvatnanna sjálfra og þarf það að ná yfir stóra landshluta, þá er bæði hægt að sjá, hvernig ódýrast verður að virkja raforku um landið og hve skjótt það getur orðið«.

Þótt ekki hafi farið fram rannsóknir til þess að byggja á jafnstórfeldar framkvæmdir og frv. gerir ráð fyrir, þá er þó rjett að geta þess, að í einstaka hjeruðum hafa verið gerðar athuganir um raforkuveitur til almenningsþarfa (fyrir utan Sogið, sem mun vera fullrannsað og fullnaðaráætlanir gerðar til virkjunar).

Í Borgarfirði hafa verið gerðar athuganir um virkjun fossa í Andakilsá handa íbúum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Er gert ráð fyrir því, að orkuveitutaugar um hjeradið verði 640 km. á lengd, ef lagt er heim að hverjum bæ í báðum sýslum, en bæir eru taldir 446, og verður þá nærri 1,5 km. milli bæja. Kosti uppsett veitutaug 3000 kr. hver km., eins og gert er ráð fyrir í brjefi rafmagnsstjórans, þá kosta háspennutaugar um hjeradið: 640 km. á 3000 kr. hver km. = 1 milj. 920 þús. kr. Nú er gert ráð fyrir, að aðkeypt efni muni vera helmingur kostnaðar við veitutaugarnar; yrði þá framlag ríkissjóðs í þessar orkuveitutaugar, sbr. 5. gr. frv., »alt að« 960 þúsund kr. Er ekki gert ráð fyrir því, að hvert heimili fengi meiri raforku til allrar notkunar en ca. 2 kw.; verði það notað til ljósa og suðu, þá verður lítið afgangur til hitunar, enda bjóst rafmagnsstjóri varla við, að þetta yrði notað til hitunar, nema helst til að ylja upp herbergi vor og haust.

Í Rangárvallasýslu hafa einnig verið gerðar áætlanir um virkjun Tungufoss í Eystri-Rangá og Árbæjarfoss í Ytri-Rangá. Er þjettbýlt mjög í sumum sveitum Rangárvallasýslu og mun því kostnaður við háspennulínur þar heldur lægri (850 mtr. milli bæja).

Ef athuga ætti, hvað kosta myndi að leiða rafmagn heim á hvert býli á landinu, má ekki gera ráð fyrir skemmri vegalengd milli bæja en 1,5 km. að meðaltali, og ef reiknað er með því, að býlin sjeu 5 þúsund, þá verður kostnaður við orkuveitutaugar þessi (hver km. á 3000 kr.):

1. 7500 km. á 3000 kr. hver km. ....	kr.	22500000.00
2. Skiftistöð og heimtaug á hvert sveitabýli á 1000 kr. ....	—	5000000.00
3. Orkuver (fleiri eða færri fyrir alt landið) liðl. 300 watt á mann, 50 þús. hestorkur á 500 kr. ....	—	25000000.00
4. Kerfi í kaupstöðum og kauptúnunum .....	—	6000000.00
5. Meginlínur til kaupstaða, 300 km. á 10 þús. kr. hver km. ....	—	3000000.00
6. Rafmagnsáhöld og innanbæjarleiðslur á sveitabýlum 1000 kr. á bæ .....	—	5000000.00
7. Rafmagnsáhöld og innanhúsleiðslur í kaupstöðum og kauptúnunum .....	—	5000000.00

Samtals kr. 71500000.00

Auðvitað eru fjárhæðir þessar ekki nema ágiskun, en sennileg ágiskun borið saman við athuganir þær, sem gerðar hafa verið um virkjun og leiðslu rafmagns í einstökum hjeruðum. Og hjer er ekki gert ráð fyrir raforku til upphitunar svo nokkru nemi.

Það má telja nokkurnveginn vist, að kröfur um undirbúningsrannsóknir um virkjun fallvatna komi svo að segja samtímis úr öllum hjeruðum

landsins, ef frv. verður samþykkt; og síðan krafa um beinan fjárstyrk úr ríkissjóði til orkuveitutauga samkvæmt frumvarpinu.

Þá má ganga út frá því sem gefnu, að hjeruðin geti ekki útvegað fje til orkuveranna, nema með lántöku með ábyrgð ríkissjóðs, sbr. rafmagnsveituna í Reykjavík; stendur þó Reykjavíkurbær mun betur að vigi en nokkurt annað bæjar- eða sýslufjelag um lánsútveganir til fyrirtækja sinna, og ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ hættulaus með öllu fyrir ríkissjóð. En fyrir fámennt hjeruð mundu miljónafyrirtæki verða svo þungur baggi, að óvíst er, að ríkissjóður slyppi skaðlaus frá þeim ábyrgðum.

Hjer er aðeins stiklað á því stærsta, til að sýna algert undirbúningsleysi þessa máls og hversu gifurlegt fjárhagsatriði þetta er fyrir alt landið.

Telur meiri hluti fjárhagsnefndar því óforsvaranlegt að afgreiða málið án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar. Vill meiri hlutinn beina því til ríkisstjórnarinnar að láta slíka rannsókn fara fram og fá þar til hina hæfustu menn á þessu sviði, sem vól er á; hefir meiri hlutinn þar í huga m. a. rafmagnsstjórnann í Reykjavík, hr. Steingrim Jónsson, og telur æskilegt, að ríkisstjórnin hafi hann með í ráðum um rannsóknir og undirbúning, ef þess er kostur. Er meiri hlutinn og fús til þess að styðja að því, að veitt verði til þessara rannsókna nokkurt fje í fjárlögum, ef þess verður talin þörf.

Samkvæmt því, er hjer segir að framan, er það tillaga meiri hluta fjárhagsnefndar, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 2. apríl 1929.

Ingvar Pálmason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Páll Hermannsson.